

Lára Björnsdóttir - félagsfreðingus

Erindi haldið á landsfundí KVENNALISTANS 16. nóvember 1991

Agætu systur!

HVERS VEGNA SKIPTIR VELFERDIN KONUR SVO MIKLU MÁLI?

I heiti þessa erindis er gengið út frá þeirri staðhæfingu að velferð skipti konur miklu. Eg spyr á móti: Skiptir velferðin konur meira máli en karla? Ef svo er þá hvers vegna?

Aður en hægt er að byrja að svara þeirri spurningu er nauðsynlegt að velta fyrir mér öðrum spurningum:

Hvað felur þetta orð- velferð - í sér?

Er hið fræga "velferðarriki" vel skilgreint hugtak sem flestir geta sameinast um að skilja á einn veg?

I orðabók Menningarsjóðs er orðið velferð skyrt þannig að það sé velfarnaður , velmegun , hagsæld.

Það er þá hin opinbera velferð sem hér er til umræðu . Velferðarrikið sem orðabókin skilgreinir sem: " ríki er sér um að (allir) þegnar þess hafi nóg að bíta og brenna."

I víðasta skilningi snertir hin opinbera velferð meira en að hafa í sig og á hún snertir flesta þætti opinberrrar / samfélags þjónustu, hvort heldur þar er um að ræða mennta-, heilbrigðis- eða félagslega þjónustu - og meira til eða eins og Elisabeth Wilson, breskur félagsrádgjafi og feministi segir um velferðarrikið í bók sinni "Konur og velferðarrikið" ("Women and The Welfare State"):

" Velferðarrikið er ekki einungis röð þjónustupáttta , það er enn fremur margs konar hugmyndir um samfélagið, og fjölskylduna og ekki síst um konur, sem gegna lykilhlutverki innan fjölskyldunnar sem eins konar öryggis/ jafnvægistöng hennar."

Við þurfum því að byrja á því að fjalla um fjölskylduna, samskipti kynjanna og sérstaklega um stöðu konunnar innan fjölskyldunnar til þess að skilja eðli velferðarrikisins og þar með átta okkur á spurningunni sem spurt var í upphafi.

Sambandið milli kvenna og fjölskyldunnar er svo nátengt að þegar við tölum um fjölskyldur í velferðarþjónustunni meinum við venjulega konur. A þann hátt tökum við þátt í því að viðhaldar goðsögninni um að hagsmunir allra innan fjölskyldunnar farí saman (bæði kynja og kynslóða sem hvorutveggja er rangt).

Jennifer Dale og Peggy Foster hafa skrifað bók um feminismann og opinbera velferð þar sem þær halda því fram að ekki sé hægt að skilja eða breyta lífi kvenna sem mæðra, dætra og eiginkvenna og sem einstaklinga í eigin rétti án skilnings á því ófrelsi og valdamismun sem felist í sjálfu fjölskylduforminu og valdi kúgun kvenna innan fjölskyldunnar.

I fjölskyldunni ræður feðra/ karlaveldið ríkjum, þar sem hagsmunir karla ráða og fjölskyldulif og barnsfæðingar móta líf flestra kvenna og að störf sem þessu tvennu fylgja eru enn að mestu á herðum kvenna. (Kannanir t.d. Konur hvað nú?) Fjölskyldan og aðrar þjóðfélagslegar stofnanir halda enn áfram að móta stúlkur í hið hefðbundna kynhlutverk og svo mun verða meðan karlaveldið ræður ríkjum.

Konur og börn hafa um aldir verið skilgreind út frá ættartengslum. Fjölskyldan var undir valdi ættföðurins "pater familias", húsbondans á heimilinu. Er skemmt að minnast orðsins húsbónvalds sem enn lifir góðu lífi i íslenskri tungu og að vissu leyti ómeðvitað í vitund fólkis. Húsbónvaldið náði bæði yfir konur og börn (og aðra ómaga) og var þannig um samskipti kynja og kynslóða. Þegar flestir ungar menn uxu upp úr húsbónvaldinu var það óumbreytanleg staðreynd í lífi kvenna. Feministar hafa gert mikið til þess að skilgreina feðraveldið til þess að skilja betur félagslegt örættlæti gagnvart konum. Oftast hefur félagsfræðin fjallað um fjölskyldur eins og eina heild þar sem hagsmunir eru hinir sömu fyrir alla. Feministarnir hafa aftur á móti bent á hagsmunaárekstra þar sem hinir "veiku" (konur, börn, fatlaðir, gamlir) verða undir í samskiptunum við hinn sterka (karla). Hagsmunir karla ganga í þá átt að viðhalda ójafnri skiptingu verka á heimilinu. Ein af afleiðingum þess er m.a. veikari staða kvenna á vinnumarkaði sem aftur gerir hana verr setta í fjölskyldunni (lág laun - etc).

Fyrir u.p.b. 50 árum skrifaði Virginia Woolf í kappræðuriti sínu "Three Guineas":

"Heiminum er sem stendur skipt í tvö þjónustusvið, annað opinbert og hitt "privat" eða einkasvið. I öðrum heiminum eru synir menntaðra karla að vinnu sem opinberir starfsmenn, dómarar, hermenn og fá greidd laun fyrir þessa vinnu; í hinum heiminum eru dætur menntaðra manna að vinnu sem eiginkonur, mæður, dætur ... en eiginkonur, dætur, mæður sem vinna allan daginn og alla daga og án vinnu þeirra myndi Ríkið falla saman, án þessarar vinnu myndu synir yðar, herra, hætta að vera til, - þær fá ekki borgað fyrir þessa vinnu sína."

Það má til sanns végar fóra að konur og einkum giftar konur voru mun ósýnilegri í hinum opinbera heimi fyri 50 árum og misrétti beittar á fleiri sviðum og á augljósari hátt en nú er. Þetta þyðir samt sem ekki að vinna kvenna innan fjölskyldunnar/heimilanna sé minni að sniðum nú eða sé meira metin.

Rétturinn til þátttöku í hinum opinbera heimi hefur unnist en því hefur lengum verið haldið fram leynt og ljóst að þessi þátttaka bitni á fjölskyldunni. Boðskapurinn til kvenna er að þetta sé óæskilegt ástand mála og þær hvattar til þess að láta fjölskyldurnar fá forgang (a.m.k. þegar það hentar vinnumarkaðnum). Engin tilviljun er að þessar raddir verða hvað háværastar á tímum þegar þrengja fer að í þjóðféluginu og gefa þarf körlum meira svigrúm á vinnumarkaðnum.

— 3 —

I þessum áróðri er gengið út frá tvenns konar staðhæfingum:

- 1) að konur annist síður fjölskylduna við það að þær taka meira þátt í "hinu opinbera" lífi og
- 2) að hugmyndir sem velferðarþjónustan byggir á hafi breyst á þann veg að stefnan sé að auðvelda konum þátttöku í lífinu utan heimilisins.

Hvorutveggja er rangt. Konur sjá að mestu leyti (og oftast án launa) um umönnun barna, fatlaðra og aldraðra innan fjölskyldunnar - og félagsmálastefnur nútímans ganga enn út frá þeirri vissu að konur gegni þessu hlutverki. Þess vegna er félagsmálapjónustan svo brotakennnd og ófullnægjandi.

Við þurfum ekki nema að líta á ástand mála í dagvistarþjónustu, skort á skólamálitiðum, tvísetna skóla, skort á þjónustu vuið fatlaða og aldraða einkum þá innan beggja hópa sem eru hvað mest ósjálfbjarga og hjálpar þurfi. Menn segja gjarnan (ég hlustaði nýlega á slika orðræðu frá fulltrúa hóps heimavinnandi "fólks"): "Fjölskyldan á að taka ábyrgð á einstaklingunum innan hennar og ekki kasta allri ábyrgð, eins og gert er, yfir á ríkið." Sem þyðir konur eiga að halda Áfram að axla þessa ábyrgð og þær hafa brugðist í hlutverki sínu sem mæður, eiginkonur og dætur. Í karlaveldinu þurfa karlarnir ekki alltaf að segja þetta sjálfir. Margar konur taka af þeim ómakið. Ekki svo að skilja að ég sé með þessum orðum að álasa þeim fyrir það. Því eins og Brasiliúmaðurinn Paulo Freire heldur fram í bók sinni "Pedagogy of the oppressed" er helsta einkenni hins kúgaða að verja kúgara sinn og eins óttinn við frelsið. Ekki meira út í þá sálma og aftur beint að efni dagsins.

Hagsmunir kynjanna innan fjölskyldunnar eru ólíkir eins og ég sagði áðan. Hvað varðar félagsmálapjónustuna / hinu opinberu velferð koma aðgerðir eða fremur aðgerðaleysi stjórnvalda sér vissulega oft illa fyrir karla og hefur óþægileg áhrif á líf þeirra en fyrir konur skiptir það sköpum og ræður Úrslitum um hvernig lífi þær geta lifað og þar á ég ekki einungis við hvort konur geti tekið þátt í atvinnulífinu til jafns við karla (t.d. karrierkonan sem er reyndar orðið skammaryrði hér á landi) heldur er það oft spurningin um líf og dauða, að haldast yfir fatækta mörkum, að geta lifað lífinu með virðingu fyrir sjálfrí sér. Bætur tryggingarstofnunar ríkisins til einstæðra mæðra eru gott dæmi hér um. Vissulega eru þær megnugar að halda lífinu í fjölskyldunni / móðurinni en heldur ekki meir. Þegar farið er að skoða aðstoð þjóðfélagsins í velferðarkerfinu í hnottskurn sést fljótt að hún er til þess fallin að halda konum í skefjum bæði á vinnumarkaðnum og innan fjölskyldunnar.

Nýjar félagsmálastefnur, jafnvel þær sem teljast til framfara fyrir ýmsa hópa þjóðfélagsins þurfa ekki endilega að gæta hagsmuna kvenna.

Dæmi um þetta má nefna þann málaflokk sem ég þekki best, málezni fatlaðra. Þar hefur á undanförnum árum verið barist hart fyrir (ekki síst af konum) þeim sjálfsagða rétti fatlaðra barna að fá að alast upp í fjölskyldu eins og önnur börn í stað stofnunar áður. Bessi réttur hefur verið lögfestur að mestu og er orðin staðreynð að mestu leyti. Til undantekninga heyrir af barn fer inn á sólarhringsstofnun sem barn en eins og þjónustunni við "fjölskyldur" mæður þessara barna er háttar - brotakennnd og tilviljanakennd - má segja að afleiðing þessarar stefnu hafi bitnað á móðurinni á annan hátt (því vissulega bitnaði það á henni að vista barna sitt á stofnun) því þær eru enn bundnari þyfir umönnun fatlaða barnsins og bera mikið til ábyrgðina einar. Þetta getur í versta falli leitt til einmanaleika, vanheilsu og fátækta.

Húsnæðislöggjöfin og skipulag húsnæðis og bæjarhluta hefur meiri áhrif á konur en karla vegna þess að konur vinna meira innan veggja heimilisins og þurfa oftar að ferðast í nánasta umhverfi (oft með börn). Hönnun húsnæðis segir líka mikið um það gildismat sem er gagnvart fjölskyldunni þ.e. að þar séu hjón með 2 - 3 börn á barna- eða unglingsaldri. Húsnæði þetta hentar oft mjög illa annars konar fjölskyldum. T.d. ef tveggja kymalóða fjölskyldur vilja búa saman eða fullorðnir sjálfstædir einstaklingar. (dæmi um fatlaða og húsnæðismál).

I raun er lítið á konur að þær séu á framfæri karla, karlinn er fyrirvinnan og konan sem sér um umönnunina. Þetta, á sjá glöggjt þegar verið er að semja um kaup og kjör þar sem allir og þar með talin verkalyðsforystan leggur minni áherslu á kaup kvenna, "því þær eru ekki fyrirvinnur", jafnvel þegar þær eru einstæðar (og fyrirvinnur annarra) því þá er lítið á þær í biðsal þess að verða háðar annarri fyrirvinnu. Einnig tryggingalöggjöfin hefur innbyggt þetta viðhorf. Með því að flytja í sömu íbúð gerir kynin "eitt" og sambúðarfólk fá sama fjárhag hvort sem þau vilja eður ei. Fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélagini er skráð á karlinn, jafnvel þótt hann hafi aldrei á stofnunina komið. Að pennan hátt er konum að vissu leyti neitað um fullorðins "status" nema sem viðhengi eða væntanlegt viðhengi.

Sáfræðilega er viðhorfið að konur séu öðrum háðar fyrst foreldrum, svo eiginmanni enda álítið ókvænlegt að vera of sjálfstæð og óháð kona. Konan er ekki álitin fullkomin nema hún sé gift og helst móðir. Ein sér er hún harla lítil virði. Að hinn bóginн er atlast til þess að konur sem eiginkonur, mæður og dætur veiti öðrum styrk og hafi ofgnótt tilfinningalega til að taka af handa öllum öðrum í nánasta umhverfi. Þannig að mótsagnirnar eru margar eins og sjá má.

Mikil áhersla er lögð á það í okkar þjóðfélagi að virða eigi friðhelgi heimilisins sem þýðir í raun að hið opinbera fyrrir sig ábyrgð á því hvernig fjölskyldum landsins liður eða þær lifa og enn fremur að innan fjölskyldunnar getur viðgengist margt misjafnt m.a. misbeittings valds hin sterka gagnvart hinum veika. (börn / forleldrar - konur / karlar).

Þrátt fyrir það sem sagt hefur verið um fjölskylduna er hún þó eina lögmæta stofnunin í okkar vestræna þjóðfélagi þar sem er skapaður vettvangur til þess að taka við og gefa væntumþykju og fá á annan hátt útrás fyrir tilfinningar. Þess vegna er hún mjög mikilvæg og a.m.k. höfum við ekki fundið annað betra form. En það verður að undirstrika að fjölskyldur eru margvislegar og síbreytilegar allt eftir því hvernig samsetning hennar er með tilliti til aldurs kyns o.fl. En enn á ný fjölskyldan er = konur.

Þegar hið opinbera sér ástæðu til þess að hafa afskipti af "fjölskyldunni" er yfirleitt verið að hafa áhrif á eða a.m.k. skipta við konur. Konur eru ekki einungis gerðar ábyrgar fyrir eigin hegðun heldur líka hegðun og ásigkomulagi annarra í fjölskyldunni svo sem barna, eiginmanns og aldraðra eða og fatlaðra innan hennar.

Innan velferðarkerfisins hefur konum gjarnan verið kennt um erfiðleika annarra fjölskyldumeðlima. Því að á sama tima sem fjölskyldan er í hátiðaræðum hafin til skyjanna sem hornsteinn þjóðfélagsins er henni líka kennt um flest sem aflaga fer svo sem unglingsvandamál, drykkjuskap og vímuefnaneyslu og gert ráð fyrir því að fjölskyldan = móðirin hafi brugðist með t.d. of mikilli vinnu of miklu eða of litlu atlæti við "vandræðagemlinginn" eða með því að hafa verið of léleg eða takið eftir of góð (tuskusýki) húsmóðir. Já það er vandlifað í henni veröld.

Konur eru gjarnan flokkaðar upp í vondar og góðar konur. Akveðið gildismat er um það hvernig konum beri að haga sér t.d. gagnvart körlum og einnig þeim sem aðhlynningar þurfi í þjóðféluginu. Sem mæður eða bara vantanlegar mæður eru konur meðhöndlaðar á akveðinn hátt og oft þvingaðar inn í akveðið gildismat um hvað konum ber og ekki ber. T.d. um góðar/vondar mæður. Það sem hjá körlum er litið á sem dyggð t.d. eljusemi metordagirnd er talinn löstur ef móðir/ húsmóðir á í hlut. Rannsóknir sýna að unglingsstúlkur eiga á hættu að lenda í erfiðleikum vegna kynferðis þeirra og svo kallaðrar síðferðilegrar hegðunar fremur en piltar. Þær eru undir smásjá og lenda í afskiptum yfirvalda og þvingunaraðgerðum. Erru skilgreindar vandræðaunglingar, lauslátar osvo.frv. og ekki litið á raunverulegan vanda þeirra sem oft tengist því að þær hafa verið misnotaðar af karlmönnum.

En konur eru ekki bara þolendur í þjóðféluginu þær eru líka gerendur t.d. í velferðarkerfi okkar. Þær eru þær líka gerendur og geta haft áhrif á eigið líf og annarra kvenna. Konur eru t.d. ekki bara flestar notendur hins svokallaða velferðarkerfis þær veita líka þjónustuna til annarra kvenna sem kennarar, fóstrur, félagsráðgjafar, hjúkrunarkonur auk alls hins mikla fjölda ófaglærðra kvenna sem er í (illa) launuðum störfum í þeirri þjónustu sem hið opinbera veitir.

Ég vek athygli á þessu hér til þess að benda á mikilvægi þess að allar þessar konur séu meðvitaðar um að þær hafa áhrif á líf annrra kvenna sem þær tengjast í gegnum starf sitt. T.d. hefur félagsráðgjöfum (sem flestar eru konur og ég tek sem dæmi af því að ég tilheyri þeirri stétt) verið bent á að þær taki þátt í kúgun kvenna í starfi sínu ef þær láti eins og hagsmunir karla og kvenna fari alltaf saman í fjölskyldunni. Að mikilvægt sé að hafa hugfasta sérstöðu kvenna og að þeim sé ekki hjálpað eftir viðteknum hugmyndum um stöðu kvenna og að hún sé vegin og metin eftir því hvernig hún standi sig í þessum hlutverkum en miklu flémur hverjar sér þarfir hennar sem einstaklings. Þetta á við um aðrar stéttir svo sem kennara, hjúkrunarfræðinga o. svo. frv.

Konur í þessum hjálparstéttum ættu að hafa hugfast að hagsmunir kvenna fara saman þegar kemur að velferðarkerfinu. Slagorðið "hið persónulega er pólitískt" gildir hér í tvemnum skilningi: Annars vegar er mikilvægt að nota eigin reynslu af að vera kona í karlveldipjóðfélagi og að lita beri á persónuleg, huglæg mál sem pólitisk í stað þess að flokka allt slikt undir einkamál (kvenna) og einstaklingsmála sem hafi ekki þýðingu fyrir heildina.

Að lokum:

Spurningunni sem ég spurði skiptir velferðin máli verður því svarað játandi. Fyrirkomulag velferðarkerfrisins hefur afgerandi áhrif á konur bæði til góðs og ills.

Útgangspunktur þessa kerfis er fjölskyldan og hefðbundin staða kvenna innan hennar.

Til þess að konur fái að njóta sín sem einstaklingar verður að skoða stöðu kvenna innan fjölskyldunnar með gagnrýnum augum og breyta velferðarkerfinu þannig að það vinni að hagsmunum kvenna en taki ekki þátt í kúgun þeirra.